

Fundargerð 152. fundar Fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður:	Flóaskóli
Fundardagur:	Þriðjudagur 24.september 2024
Fundartími:	Flóaskóli 16:30-17:45 Sameiginlegt 17:45-17:55 Krakkaborg 17:55-18:30
Fundarmenn:	Bjarni Stefánsson, formaður Margrét Drífa Guðmundsdóttir, varaformaður Hjalti Guðmundsson, aðalmaður Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður Jakob Nielsen Kristjánsson, varamaður Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs Flóaskóla Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar Helga Rut Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar

Málefni Flóaskóla. Undir þessum lið sátu eftirfarandi fundarmenn: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Jakob Nielsen Kristjánsson, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir og Catharina Krentel.

1. Fréttir af skólastarfinu. Búið að ráða inn tvo nýja starfsmenn eftir að skóli hófst, þar sem þörf var á auknum stuðningi og ekki var alveg búið að ráða inn í vor. Haustferðir nemenda hafa farið fram. Danskir nemendur voru hér í um vikutíma með nemendum 10. bekkjar Flóaskóla. Flóamótið og Ólympíuhlaupið hafa farið fram og tókust vel. Þemaverkefni í gangi en vetrinum mun verða skipt upp í sex þemaverkefni sem varða grunnþætti menntunar.
2. Yfirlit yfir starfsemi Flóaskóla 2023-2024 Þórunn fór yfir ársskýrslu Flóaskóla fyrir síðasta skólaár. Engar athugasemdir voru gerðar við skýrsluna.
3. Skólaakstur yfirlit yfir framkvæmd 2024-2025. Í öllum bílum eru einhver sæti laus. Þeir nemendur með lögheimili í Flóahreppi sem eru lengst eru um 55 mínútur á leiðinni á morgnana og heldur fljótari í heimferð. Er þetta núna í upphafi skólaárs við góð akstursskilyrði en víða á slæmum vegum. Fræðslunefnd lýsir áhyggjum af langri dvöl barna í skólabílum og hvetur til að skoðað verði hvort hægt sé að bregðast við því. Hámarkstími fyrir börn með lögheimili í hreppnum eru þó innan reglna um skólaakstur í Flóahreppi.
4. Reglur um skólaakstur. Lagðar fram til endurskoðunar. Verða teknar fyrir á næsta fundi.
5. Reglur um skólamáltíðir. Lagðar fram til endurskoðunar. Breytingar verða vegna gjaldfrjáls fæðis. Breyttar reglur lagðar fram á næsta fundi.
6. Reglur um frístundaheimili. Lagðar fram til endurskoðunar. Breytingar lagðar til vegna vistun á starfsdögum skóla, sem og vegna sumarfrísundar. Breyttar reglur lagðar fram á næsta fundi.
7. Önnur mál. Engin

Sameiginleg málefni Flóaskóla og Krakkaborgar. Undir þessum lið sátu eftirfarandi fundarmenn: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Jakob Nielsen Kristjánsson, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir og Catharina Krentel, Sara Guðjónsdóttir, Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir og Helga Rut Hallgrímsdóttir.

- 8 Starfsáætlun fræðslunefndar 2024-2025. Framlögð starfsáætlun samþykkt.
- 9 Samstarfsáætlun Flóaskóla og Krakkaborgar. Ánægja með samstarf skólanna og samstarfsáætlun 2024-2025 samþykkt.
- 10 Önnur mál. Engin

Málefni Krakkaborgar Undir þessum lið sátu eftirfarandi fundarmenn: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Jakob Nielsen Kristjánsson, Sara Guðjónsdóttir, Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir og Helga Rut Hallgrímsdóttir.

- 11 Fréttir af skólastarfinu. Skólastarf gengur vel. Stöðugleiki í starfsmannahópnum og hátt menntunarstig. Uppskeruhátíð tókst vel. Skráning hafin á skráningardaga skv. skóladagatali. Í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er samvinna um markvissa málörvun. Krakkaborg fær góða endurgjöf í þessu verkefni. Verkefnið stendur í allan vetur og er einnig í samstarfi við leikskóla í uppsveitunum.

- 12 Aukinn sveigjanleiki í skólastarfinu. Samþykkt tillaga um að hafa sveigjanleika í skráningu á dvöl eftir kl. 14 á daginn. Inntöku- og dvalarskilyrði Krakkaborgar samþykktar með þessum breytingum.
- 13 Starfsáætlun Krakkaborgar 2024-2025. Starfsáætlun vetrarins lögð fram. Engar athugasemdir gerðar og starfsáætlunin samþykkt.
- 14 Ársskýrsla Krakkaborgar 2023-2024. Ársskýrsla síðasta árs lögð fram. Engar athugasemdir eru gerðar við skýrsluna.
- 15 Önnur mál. Engin.